

# Beiðni um endurgreiðslu 80% olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum

Viðtakandi:  
Ríkisskattstjóri  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Endurgreiðslutímabil  
Mánuður                      Ár

## A Rekstraraðili

Nafn rekstraraðila	Kennitala	Lögheimilissveitarfélag
Heimili	Póstnúmer og pósthöð	

## B Almenningsvagnaakstur

a) Olíunotkun í lítrum
b) Endurgreiðsla (a liður x 41 kr. pr. l. x 0,80)

## C Blandaður akstur - greinargerð

1. Fast númer ökutækis	2. Heildarakstur í km á tímabilinu	3. Fjöldi ferða á áætlunarleið	4. Lengd áætlunarleiðar í km	5. Olíunotkun alls í lítrum	6. Olíunotkun í almenningsvagnsakstri í lítrum $\left(\frac{3 \times 4}{2}\right) \times 5$ .	7. Endurgreiðsla (6.x41 kr. pr. l. x 0,80)
<b>Samtals</b>						

## D Athugasemdir


## Undirskrift

.....	.....
Dagsetning	Undirskrift

## Leiðbeiningar um útfyllingu

Endurgreiðslubeiðni þessi skv. reglugerð nr. 395/2005 tekur til þeirra sem leyfi hafa til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Þeim sem rétt eiga á endurgreiðslu olíugjalds ber að kaupa ólitaða gjaldskylda dísilolíu og skulu þeim endurgreidd 80% olíugjalds af dísilolíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum.

### Tímabil endurgreiðslu

Hér skal tilgreina mánuð og ár sem endurgreiðslubeiðni varðar.

### A-liður Rekstraraðili (umsækjandi)

Hér skulu skráðar tilteknar upplýsingar um umsækjanda.

### B-liður Almenningsvagnaakstur

Útfylla ber lið B ef umsækjandi er eingöngu í almenningsvagnaakstri. Hér þarf að skrá lítra af notaðri gjaldskyldri dísilolíu allra almenningsvagna í eigu og/eða umráðum umsækjanda á því tímabili sem endurgreiðslubeiðni varðar. Þá skal einnig skrá endurgreiðsluna.

### C-liður Blandaður akstur - greinargerð

Útfylla ber lið C ef umsækjandi stundar blandaðan akstur, þ.e. stundar almenningsvagnaakstur en notar jafnframt sama ökutækið í öðrum akstri. Nauðsynlegt er aðfylla út alla reitina.

### D-liður Athugasemdir

Hér er gefinn kostur á að skrá athugasemdir

### Endurgreiðslutímabil og afgreiðsla beiðna

Hvert endurgreiðslutímabil er einn mánuður og skulu þeir sem rétt eiga á endurgreiðslu eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir lok endur-

greiðslutímabils senda ríkisskattstjóra greinargerð um kaup á olíu á því endurgreiðslutímabili. Ríkisskattstjóri afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu fyrir fimmtánda dag annars mánaðar eftir lok endurgreiðslutímabils hafi beiðni verið skilað á tilskildum tíma. Frestur þessi framlengist þó ef ríkisskattstjóri getur ekki vegna aðstæðna umsækjanda gert nauðsynlegar athuganir á gögnum sem beiðnin byggist á. Innheimtumenn ríkissjóðs, þ.e. tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu, annast endurgreiðslu. Komi í ljós að endurgreiðsla hafi verið of há tilkynnir ríkisskattstjóri aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um.

### Færslur í bókhald og ársreikning

Þeir sem rétt eiga á 80% endurgreiðslu olíugjalds skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar. Vanræki þeir að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi. Þeir sem fá endurgreiðslu 80% olíugjalds af dísilolíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum skulu færa hana á sérstakan tekjureikning í bókhaldi sínu. Þá skal endurgreiðslan tilgreind annað hvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

### Viðurlög

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf í því skyni að fá endurgreiðslu á olíugjaldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 395/2005, um endurgreiðslu 80% olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum, varðar við 20. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.